

Föstudaginn 12. desember 1952.

Nr. 98/1951.

Kjartan Jónsson og protabú

Magnúsar Thorbergs (Guttormur Erlendsson)
gegn

Guðmundi Þórðarsyni og

Sigurjóni Þórðarsyni og gagnsök

(Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Kaup og sala.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. ágúst 1951 og gera þessar dómkröfur:

A. Um málatilbúnað.

Aðalkrafa: Að hinn áfrýjaði dómur verði sjálfkrafa ómerktur, málinu vísað frá héraðsdómi og aðaláfrýjendum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Varakrafa: Að vísað verði frá Hæstarétti kröfu gagnáfrýjenda um, að aðaláfrýjendum verði dæmt skylt að annast greiðslu skuldar samkvæmt síðar greindum dómi í máli Sigurðar Baldvinssonar gegn gagnáfrýjendum, upp kveðnum 6. júní 1952, og fari þá um málskostnað svo sem síðar segir.

B. Um efni máls.

Aðalkrafa: Að aðaláfrýjendur verði dæmdir sýknir af öllum kröfum gagnáfrýjenda og að aðaláfrýjendum verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Varakrafa: Að skuldajafnað verði við kröfu gagnáfrýjenda, að fjárhæð kr. 88.560.00, gagnkröfum aðaláfrýjenda, að fjárhæð kr. 51.890.54, ársvextir af mismuninum verði ákveðnir 4½% og málskostnaður látinn falla niður.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 17. ágúst 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Gera þeir þær dóm-

kröfur, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða þeim in solidum kr. 88.560.00 með 5½% ársvöxtum frá 1. febrúar 1949 til greiðsludags, að aðaláfrýjendum verði dæmt skylt að taka að sér in solidum að greiða skuld við Fiskveiðasjóð Íslands, sem hvíldi á v/b Njáli R.E. 99 með 2. veðrétti, að fjárhæð kr. 42.440.00, ásamt 3% ársvöxtum, að aðaláfrýjendum verði dæmt skylt að annast in solidum greiðslu á skuld gagnáfrýjenda samkvæmt dómi, upp kveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 6. júní 1952 í málinu nr. 721/1950: Sigurður Baldvinsson gegn Sigurjóni Þórðarsyni og Guðmundi Þórðarsyni, en dómskuldin er kr. 4876.50 með 6% ársvöxtum frá 3. apríl 1950 til greiðsludags og kr. 800.00 málskostnaður.

Loks krefjast gagnáfrýjendur málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

I. Um kröfur gagnáfrýjenda á hendur aðaláfrýjendum.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, sömdu aðiljar í janúar 1949 með sér, að gagnáfrýjendur seldu aðaláfrýjendum v/b Njál R.E. 99, en vélbát þenna, sem smíðaður var fyrir síðustu aldamót, höfðu gagnáfrýjendur keypt hinn 7. janúar 1948 af Sigurði Baldvinssyni, útgerðarmanni í Ólafsfirði. Aðiljar urðu ásáttir um, að aðaláfrýjendur skyldu greiða kr. 200.000.00 fyrir vélbátinn. Kaupverðið skyldi innt þannig af höndum: Aðaláfrýjendur skyldu taka að sér greiðslu víxilskuldar við Útibú Landsbanka Íslands á Akureyri, að fjárhæð kr. 60.000.00, sem hvíldi með 1. veðrétti á v/b Njáli, svo og skuld við Fiskveiðasjóð Íslands, að fjárhæð kr. 42.440.00, sem hvíldi með 2. veðrétti á vélbátinum. Þá skyldu aðaláfrýjendur gefa út handa gagnáfrýjendum skuldabréf, að fjárhæð kr. 88.560.00, sem bera skyldi 4½% ársvexti, tryggt skyldi með 3. veðrétti í téðum vélbát og greiðast með kr. 7.380.00 afborgunum á þriggja mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. júní 1949. Loks skyldu aðaláfrýjendur greiða gagnáfrýjendum kr. 9000.00 í peningum við sammingsgerð. Létu nú aðiljar semja uppkast að afsalsbréfi fyrir vélbátinum með téðu efni svo og uppkast að skuldabréfi aðaláfrýjenda fyrir nefndum kr. 88.560.00, en ekki varð úr, að aðiljar undirrituðu skjöl þessi, og telur lögfræðingur, sem aðstoðaði við samn-

ingsgerð, ástæðuna fyrir því þá, að tilætlunin hafi verið að senda veðskuldabréfið til Magnúsar Thorbergs til undirskriftar, en hann var þá í Vestmannaeyjum. Af hendi aðaláfrýjenda var samt hin áskilda greiðsla á kr. 9000.00 innt af hendi, og v/b Njáll, sem verið hafði í dráttarbraut, var tekinn þaðan og afhentur aðaláfrýjendum. Mun þetta hafa gerzt rétt eftir miðjan janúarmánuð. Aðaláfrýjendur höfðu vélbátinn síðan í förum til flutnings milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja, en hinn 18. febrúar 1949 kom skyndilega leki að honum í Faxaflóa. Varð honum bjargað til Keflavíkur og komið til viðgerðar í Dráttarbraut Keflavíkur. Virðist þeirri viðgerð hafa verið lokið í byrjun apríl 1949. Kostnað af viðgerðinni, sem talinn er hafa numið rúmum 47 þúsund krónum, kveðast aðaláfrýjendur hafa greitt með kr. 19.725.20, en Sjóvátryggingarfélag Íslands hafi greitt viðgerðina að öðru leyti. Er viðgerð var lokið, tóku aðaláfrýjendur vélbátinn aftur til notkunar. Höfðu þeir hann í förum þangað til seint í nóvember s. á.

Svo sem sagt var, tóku aðaláfrýjendur við v/b Njáli samkvæmt hinu óundirritaða afsali. Við kaupin var aðaláfrýjanda Kjartani Jónssyni ljóst, að víxilskuldin við Útibú Landsbankans á Akureyri var í vanskilum. Bæði hann og gagnáfrýjandinn Sigurjón Þórðarson, sem sömdu um kaupin, virðast hafa gert ráð fyrir, að Útibú Landsbankans á Akureyri eða Landsbankinn myndi veita áframhaldandi lán út á 1. veðrétt, en ekki er sannað í málinu, að gagnáfrýjendur hafi tekið á sig skuldbinding um, að slíkt framhaldslán fengist. Með því nú að ekki var staðið í skilum með greiðslu víxilláns þessa, höfðaði Útibú Landsbankans mál gegn gagnáfrýjendum og Sigurði Baldvinssyni útgerðarmanni, Ólafsfirði, sem selt hafði gagnáfrýjendum v/b Njál og var ásamt gagnáfrýjendum víxilskuldari að kröfu útibúsins. Voru gagnáfrýjendur og Sigurður Baldvinsson dæmdir in solidum til greiðslu víxilsins og 1. veðréttur í v/b Njáli dæmdur gildur fyrir dómskuldinni. Tilkynntu gagnáfrýjendur aðaláfrýjendum þessi málalok, að því er þá varðaði, með bréfi 18. ágúst 1949 og áskildu sér rétt til framheimtu á hendur þeim. Útibú Landsbankans lét síðan ganga að v/b Njáli til lúkningar dómskuld-

inni, og var hann seldur á uppboði hinn 19. desember 1949. Aðaláfrýjandinn Kjartan Jónsson varð hæstbjóðandi á uppboðinu. Bauð hann kr. 63.000.00, og fékk hann uppboðsafsal fyrir vélbátnum hinn 9. janúar 1950 gegn greiðslu þeirrar fjárhæðar. En með því að dómkrafa útibúsins með vöxtum og kostnaði nam hærri fjárhæð en fékkst fyrir vélbátinn á uppboðinu, varð Sigurður Baldvinsson að greiða útibúinu afganginn, sem ekki varð greiddur af uppboðsandvirðinu. Sigurður Baldvinsson höfðaði síðan mál gegn gagnáfrýjendum til framheimtu þeirrar skuldar, með því að þeir höfðu tekizt á hendur gegnt honum að annast greiðslu veðlána þeirra, sem á v/b Njáli hvíldu. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 6. júní 1952, voru gagnáfrýjendur dæmdir til þess að greiða Sigurði kr. 4876.50 með 6% ársvöxtum frá 3. apríl 1950 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað. Gagnáfrýjendur krefjast þess síðan m. a. í máli þessu, að aðaláfrýjendur annist greiðslu þessarar dómskuldar fyrir þá, þar sem aðaláfrýjendur hafi tekizt á hendur að sjá um greiðslu víxilskuldarinnar til Útibús Landsbankans, en dómskuldin er eftirstöðvar af þeirri kröfu.

Aðaláfrýjendur neita öllum kröfum gagnáfrýjenda. Halda aðaláfrýjendur því fram, að þeir hafi ekki keypt v/b Njál af gagnáfrýjendum. Uppkast hafi að vísu verið gert að afsali um vélbátinn svo og að skuldabréfi, er aðaláfrýjendur skyldu gefa út, en skjöl þessi hafi ekki verið undirrituð. Mikilvæg forsenda fyrir kaupunum hafi brostið, er víxillánið við Útibú Landsbankans á Akureyri fékkst ekki framlengt, en gagnáfrýjendur hafi átt að tryggja það. Þá hafi leyndir lestir komið fram í v/b Njáli, er gert var við hann í Dráttarbraut Keflavíkur, og réttlæti þeir riftun kaupsins, ef talið yrði, að það hefði fram farið. Loks geti gagnáfrýjendur ekki fullnægt kaupsamningi, ef hann telst á kominn, þar sem v/b Njáll hafi verið seldur á uppboði.

Svo sem sagt var, tóku aðaláfrýjendur við v/b Njáli samkvæmt óundirrituðu heimildarskjali og inntu jafnframt af hendi peningagreiðslu þá, sem áskilin var í uppkasti að kaupsamningi. Aðaláfrýjandinn Kjartan Jónsson vissi þá, að víxilskuldin við Útibú Landsbankans, Akureyri, var gjaldkræf.

Ósannað er, að gagnáfrýjendur hafi ábyrgzt aðaláfrýjendum að annast öflun framhaldsláns gegn 1. veðrétti í v/b Njáli. Aðaláfrýjendur höfðu v/b Njál síðan í förum til flutninga, unz leki kom að honum 18. febrúar 1949. Þeir komu honum þá til viðgerðar í Dráttarbraut Keflavíkur, og er viðgerð var lokið í byrjun apríl 1949, tóku þeir hann aftur til sinna nota og gerðu hann út, þangað til síðla í nóvember sama ár. Með þessu hátterni sínu hafa aðaláfrýjendur skuldbundið sig til að standa við kaup v/b Njáls og hafa fyrirgert þeim rétti til riftunar á kaupunum, sem þeir kunna að hafa haft. Vitneskja aðaláfrýjenda um, að lánið við Útibú Landsbankans var gjaldkræft, er kaup gerðust, svo og framangreind hegðun aðaláfrýjenda leiða og til þess, að þeir geta ekki lagt á gagnáfrýjendur ábyrgð á því, að v/b Njáll var seldur á uppboði. Kröfur þær, sem aðaláfrýjendur reisa á þessu, hvort heldur þær varða form máls eða efni, verða því ekki til greina teknar.

Dómkrafa Sigurðar Baldvinssonar samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 6. júní 1952, er, svo sem áður segir, eftirstöðvar af víxilláni því, sem hvíldi á v/b Njáli með 1. veðrétti og aðaláfrýjendur tóku að sér ásamt kostnaði. Er hún því ekki ný krafa í máli þessu, og verður henni ekki vísað frá dómi.

Verður samkvæmt því, sem nú var sagt, að taka til greina þá kröfu gagnáfrýjenda, að aðaláfrýjendum beri að standa þeim skil á kaupverði v/b Njáls R.E. 99, að frádregnum þeim hluta þess, sem galzt með uppboðsandvirði bátsins, svo og framgreiða gagnáfrýjendum þann kostnað, sem þeir hafa haft af vanskilum aðaláfrýjenda. Leiðir af þessu, að taka ber til greina kröfur þær, sem gagnáfrýjendur hafa gert hér fyrir dómi á hendur aðaláfrýjendum, þó með þeim breytingum, sem hér greinir:

Aðiljar sömdu svo, að aðaláfrýjendur skyldu greiða vexti af lánnum þeim, sem hvíldu á v/b Njáli frá þeim tíma, er vélbáturinn var afhentur, en það gerðist 18. janúar 1949. Í dómkröfu Sigurðar Baldvinssonar á hendur gagnáfrýjendum fyrir eftirstöðvum 1. veðréttarlánsins á v/b Njáli, eru innifaldir 6% ársvextir af láni þessu frá 25. október 1948 til 18. janúar 1949. Nema vextir þessir kr. 830.00. Aðaláfrýjendur

bera ekki ábyrgð á vöxtum þessum, þar sem þeir féllu á fyrir afhendingartíma vélbátsins. Dragast þeir því frá þeim hluta dómkröfunnar, sem aðaláfrýjendur eiga að standa gagnáfrýjendum skil á. Bera aðaláfrýjendur þannig ábyrgð gegnt gagnáfrýjendum á kr. 4046.50 af dómkröfunni í máli Sigurðar Baldvinssonar gegn gagnáfrýjendum ásamt 6% ársvöxtum af þessari fjárhæð frá 3. apríl 1949 til greiðsludags og kr. 800.00 málskostnaði í því máli.

Ástæður þær, sem nú voru raktar, leiða og til þess, að aðaláfrýjendur bera ábyrgð á láni því, að fjárhæð kr. 42.440.00, sem hvíldi með 2. veðrétti á v/b Njáli, ásamt 3% ársvöxtum frá 18. janúar 1949.

Samkvæmt því, sem sagt hefur verið, ber að dæma aðaláfrýjendur til að standa gagnáfrýjendum skil á eftirstöðvum af kaupverði v/b Njáls, svo sem hér segir:

1. Aðaláfrýjendum ber in solidum að greiða gagnáfrýjendum fjárhæð þá, sem þeir áttu að gefa skuldabréf fyrir, að fjárhæð kr. 88.560.00, sem öll féll í gjalddaga vegna vanskila, ásamt $5\frac{1}{2}\%$ ársvöxtum frá 1. febrúar 1949 til greiðsludags.

2. Aðaláfrýjendum er skylt að taka að sér in solidum greiðslu skuldar við Fiskveiðasjóð Íslands, sem hvíldi á v/b Njáli R.E. 99 með 2. veðrétti, að fjárhæð kr. 42.440.00, ásamt 3% ársvöxtum frá 18. janúar 1949.

3. Aðaláfrýjendum skal vera skylt að annast in solidum greiðslu dómskuldar samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 6. júní 1952 í málinu nr. 721/1950: Sigurður Baldvinsson gegn Sigurjóni Þórðarsyni og Guðmundi Þórðarsyni, að fjárhæð kr. 4876.50 ÷ kr. 830.00, eða kr. 4046.50, með 6% ársvöxtum af fjárhæð þessari frá 3. apríl 1950 til greiðsludags og málskostnað í því máli, kr. 800.00.

II. Um skuldajafnaðarkröfur aðaláfrýjenda.

Aðaláfrýjendur hafa borið fram tvær kröfur til skuldajafnaðar, kr. 29.690.54 + 22.200.00, eða alls kr. 51.890.54.

1. Aðaláfrýjendur telja, að gagnáfrýjendur beri ábyrgð á göllum þeim, sem fram komu á v/b Njáli, er gert var við hann í Dráttarbraut Keflavíkur, þar sem hér hafi verið um leynandi lesti að tefla. Kveða þeir viðgerðina hafa kostað yfir

kr. 47.000.00. Hafi Sjóvátryggingarfélag Íslands greitt meirihluta viðgerðarkostnaðar, en þeir sjálfir kr. 19725.20. Auk þess hafi þeir orðið að greiða að nokkru kaup skipverja v/b Njáls, meðan á viðgerð stóð, eða kr. 9.965.34. Samtals nema fjárhæðir þessar kr. 29.690.54, er aðaláfrýjendur kveða gagnáfrýjendur eiga að endurgreiða þeim. Í málinu hefur verið lögð fram skýrsla skipaskoðunarmanns um galla á v/b Njáli, áður en viðgerðin fór fram. En hvorki verður ráðið með öruggri vissu af henni né öðrum gögnum málsins, hvort viðgerðin stafar einungis af leyndum göllum, sem gagnáfrýjendur ættu að bera ábyrgð á, eða öðrum göllum, sem aðaláfrýjendur máttu sjá við skoðun eða gera ráð fyrir í gömlum bát, enda hafa hvorki kunnáttumenn verið nefndir til að kveða upp álit sitt um þetta efni né menn þeir, sem gerðu við v/b Njál, um það spurðir. Er því ekki hægt að meta, að hve miklu leyti gagnáfrýjendur eiga að bera ábyrgð á viðgerðarkostnaði. Ekki verður heldur kveðið á um það, að hve miklu leyti gagnáfrýjendur bera ábyrgð á kaupgreiðslum til skipverja v/b Njáls, meðan á viðgerð hans stóð, þar sem ósannað er, hversu langur tími kann að hafa farið til viðgerðar á leynanda löstum, sem gagnáfrýjendur ættu að bera ábyrgð á. Verður því, að svo komnu, ekki lagður dómur á þessa gagnkröfu. Ber því að ómerkja ákvæði hins áfrýjaða dóms um hana og vísa henni frá héraðsdómi.

2. Eftir að mál þetta hafði verið tekið til munnlegs flutnings í héraði, báru aðaláfrýjendur fram aðra gagnkröfu, að fjárhæð kr. 22.200.00. Kveða þeir þessa fjárhæð vera leigugreiðslu fyrir skip, sem þeir hafi orðið að taka á leigu til að gegna hlutverki v/b Njáls, meðan hann var í viðgerð. Það er hvort tveggja, að krafa þessi er of seint fram borin í máli þessu og að ófullnægjandi skýrslur eru fyrir hendi um hana. Ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms um hana og vísa henni einnig frá héraðsdómi.

III. Niðurlag.

Samkvæmt því, sem rakið er að framan, ber að taka kröfur gagnáfrýjenda í málinu til greina, en vísa gagnkröfum aðaláfrýjenda frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjendum in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 9000.00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um gagnkröfu þá, sem greinir í II 1 að framan, eiga að vera ómerk, og vísast þeirri gagnkröfu frá héraðsdómi.

Gagnkröfu þeirri, sem greinir í II 2 að framan, vísast frá héraðsdómi.

Aðaláfrýjendur, Kjartan Jónsson og þrotabú Magnúsar Thorbergs, greiði in solidum gagnáfrýjendum, Guðmundi Þórðarsyni og Sigurjóni Þórðarsyni, kr. 88560.00 með 5½% ársvöxtum frá 1. febrúar 1949 til greiðsludags. Aðaláfrýjendur eru skyldir að taka að sér in solidum greiðslu skuldar við Fiskveiðasjóð Íslands, sem hvíldi á v/b Njáli R.E. 99 með 2. veðrétti, að fjárhæð kr. 42.440.00, auk 3% ársvaxta frá 18. janúar 1949. Aðaláfrýjendum er skylt að annast greiðslu skuldar in solidum samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 6. júní 1952 í málinu nr. 721/1950: Sigurður Baldvinsson gegn Sigurjóni Þórðarsyni og Guðmundi Þórðarsyni, að fjárhæð kr. 4046.50, með 6% ársvöxtum frá 3. apríl 1950 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað í því máli.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjendum in solidum málskostnað í máli þessu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 9000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 12. maí 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., hafa Guðmundur Þórðarson, Hverfisgötu 48, Hafnarfirði, og Sigurjón Þórðarson, Vífilsögðu 21 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnum, útgefnum 17. og 27. september

1949, gegn Kjartani Jónssyni, Blönduhlíð 5 hér í bænum, og Magnúsi Thorberg, Vestmannaeyjum.

Gera stefnendur þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða þeim kr. 88.560.00 með 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1949 til greiðsludags, að þeim verði in solidum dæmt skylt að taka að sér að greiða skuld við Útibú Landsbanka Íslands á Akureyri, sem hvíldi á v/b Njáli R.E. 99 með I. veðrétti, upphaflega að fjárhæð kr. 60.000.00, auk vaxta og kostnaðar, að þeim verði in solidum dæmt skylt að taka að sér að greiða skuld við Fiskveiðasjóð Íslands, sem hvíldi með II. veðrétti á nefndum báti, að fjárhæð kr. 42.440.00, auk vaxta og loks, að þeim verði in solidum dæmt að greiða stefnendum málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa krafizt þess aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda í málinu og stefnendur verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað eftir mati dómsins.

Til vara hafa stefndu krafizt þess, að kr. 51.890.54 verði skuldajafnað við kr. 88.560.00 og þeir verði sýknaðir að svo stöddu af að greiða kr. 37.997.86.

Til þrautavara krefjast stefndu, að kr. 51.890.54 verði skuldajafnað við kr. 63.360.69 og þeir verði aðeins dæmdir til að greiða kr. 11.470.15, en sýknaðir að svo stöddu af greiðslu á kr. 29.520.00.

Þá hafa stefndu til frekari þrautavara krafizt þess, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða kr. 17.084.70 og sýknaðir að svo stöddu af að greiða kr. 73.800.00.

Loks hafa stefndu til allra ýtrustu þrautavara krafizt þess, að þeir verði aðeins dæmdir til þess að greiða kr. 67.342.50 og sýknaðir að svo stöddu af greiðslu á kr. 29.520.00.

Stefndu hafa enn fremur krafizt þess í sambandi við hverja einstaka varakröfu, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að í janúarmánuði 1949 fóru fram samningaumleit-anir milli stefnenda og stefndu um kaup á v/b Njáli R.E. 99. Bátur þessi var þá eign stefnenda, og var hann, er samningaumleitarnir fóru fram, í þurrkvi hér í Reykjavík. Leitaði stefnandi Sigurjón til nafngreinds lögfræðings um aðstoð til að semja afsal fyrir bátnum, og samdi lögfræðingurinn uppkast að því samkvæmt þeim upplýsingum, sem Sigurjón gaf um söluskilmála. Skömmu síðar, eða að því er virðist hinn 21. janúar, komu málsaðiljarnir Sigurjón og Kjartan, sem hvor um sig höfðu heimild frá samaðilja sínum til þess að semja um kaupin, til lögfræðings þessa, og kynntu þeir sér þar báðir uppkastið að afsalsbréfinu svo og uppkast að veðskuldabréfi, sem stefndu áttu samkvæmt afsalsbréfinu að gefa út fyrir hluta af kaupverðinu. Segir í uppkastinu að afsalinu, að báturinn seljist í því ástandi, sem hann sé í, og að kaupendum sé kunnugt um ástand hans. Samkvæmt uppkastinu var kaupverð bátsins ákveðið kr. 200.000.00, og átti það að greiðast þannig:

1. Kaupendur skyldu taka að sér skuld við Útibú Landsbanka Íslands á Akureyri, sem hvíldi með I. veðrétti á bátnum og var að fjárhæð kr. 60.000.00. 2. Þeir skyldu og taka að sér greiðslu á skuld við Fiskveiðasjóð

Íslands, að fjárhæð kr. 42.440.00, sem hvíldi með II. veðrétti á bátnum. 3. Þá skyldu kaupendur gefa út til seljenda handhafaskuldabréf, að fjárhæð kr. 88.560.00, er tryggt yrði með III. veðrétti í bátnum næst á eftir framangreindum veðskuldum. Samkvæmt uppkasti að skuldabréfinu skyldu stefndu greiða skuldina samkvæmt því þannig: Hinn 1. júní 1949 kr. 7380.00 og síðan sömu fjárhæð hinn 1. september, 1. desember, 1. marz og 1. júní ár hvert, unz skuldinni væri að fullu lokið. Í vexti af skuldinni, eins og hún yrði á hverjum tíma, átti að greiða $4\frac{1}{2}\%$ frá útgáfudegi bréfsins að telja, en uppkastið að skuldabréfinu er dagsett 21. janúar 1949. 4. Loks áttu kr. 9000.00 að greiðast í peningum. Eigi varð úr því, að stefnendur undirrituðu afsal fyrir bátnum eða stefndu veðskuldabréf þess efnis, sem að framan er rakið. Stefndu greiddu þó um þetta leyti stefnendum fjárhæð þá, er greiðast átti í peningum, og var báturinn þá tekinn úr þurrkvinni og fenginn stefndu til afnota. Notuðu þeir síðan bátinn til flutninga milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur þar til 18. febrúar 1949, en þann dag kom snögglega leki að bátnum, er hann var staddur hér í Faxaflóa á leið frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur í slæmu veðri. Bátnum var bjargað til Keflavíkur, og var hann tekinn þar upp í dráttarbraut og gert við hann. Kostnaðinn við viðgerð þessa greiddi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f að hluta, en að öðru leyti munu stefndu hafa greitt viðgerðarkostnaðinn. Eftir að viðgerðinni lauk verður ekki séð, að málsaðiljar hafi notað bátinn. En hinn 19. desember 1949 var hann seldur á opinberu uppboði til lúkningar I. veðréttarskuld þeirri, er að framan greinir. Hæstbjóðandi á uppboðinu varð stefndi Kjartan, er bauð kr. 63.000.00, og fékk hann uppboðsafsali fyrir bátnum hinn 9. janúar 1950.

Stefnendur halda því fram og reisa á því dómkröfur sínar, að endanlegur kaupsamningur hafi komizt á milli þeirra og stefndu um v/b Njál R.E. 99 þess efnis, sem í uppköstunum að afsalinu og veðskuldabréfinu segir og rakið hefur verið í stórum dráttum hér að framan. Stefndu hafi vanefnt kaupsamninginn, og sé mál þetta því höfðað til efnda á þeim skyldum, sem stefndu hafi tekið á sig með honum.

Stefndu reisa sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að endanlegur kaupsamningur hafi ekki komizt á milli þeirra og stefnenda um áðurgreindan bát. Halda þeir því fram, að stefnendur hafi tekið að sér að fá I. veðréttarlánið við Útibú Landsbanka Íslands á Akureyri framlengt eða flutt til aðalbankans hér í Reykjavík, en lán þetta var í vanskilum, er samningaumleitarnir fóru fram. Þetta hafi stefnendum ekki tekizt og hafi þá ekkert orðið úr kaupunum. Telja stefndu, að það, að stefnendur undirrituðu ekki afsali fyrir bátnum, svo og það, að þeir sjálfir gáfu ekki út stefnendum til handa veðskuldabréf það, sem ráð hafði verið fyrir gert, bera þess glöggvitni, að kaupin hafi strandað.

Í öðru lagi reisa stefndu sýknukröfu sína á því, að það hafi verið veruleg forsenda fyrir kaupunum af þeirra hálfu, að I. veðréttarlánið fengist framlengt, og stefnendum hafi hlotið að vera það ljóst. Fengist lánið ekki framlengt, jafngilti það 60.000 krónum meiri útborgun í sambandi við bátskaupin fyrir þá. Slíkt hefði verið þeim um megn, og að minnsta

kosti hefðu kaupkjörin þá orðið verulega öðruvísi en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir. Telja stefndu, að á þessum grundvelli hafi þeim verið heimilt að ganga frá kaupunum.

Þá reisa stefndu kröfu sína um sýknu í þriðja lagi á því, að komið hafi fram leyndir gallar á bátnum, er hann var tekinn í þurrkvi í Keflavík eftir björgunina 8. febrúar. Stefnendur hafi sem seljendur borið ábyrgð á göllunum, en þeir hafi verið svo verulegir, að stefndu telja sér heimilt að rifta kaupunum vegna þeirra.

Loks reisa stefndu í fjórða lagi sýknukröfuna á því, að þar sem báturinn hafi verið seldur á nauðungaruppboði og uppboðsafsal gefið fyrir honum, þá hafi stefnendur misst öll umráð bátsins og geti því ekki fullnægt kaupsamningnum af sinni hálfu.

Stefndu hafa í sambandi við allar varakröfur sínar vísað á bug kröfum stefnenda um, að þeim verði dæmt skylt að taka að sér áðurgreindar skuldir, sem á bátnum hvíldu með I. og II. veðrétti. Telja þeir, að ekki sé unnt að dæma þá til að taka að sér skuldir við þriðja mann án samþykkis skuldareiganda, enda hafi og I. veðréttarskuldin fengizt greidd af uppboðsandvirði bátsins og II. veðréttarskuldin fallið niður við nauðungaruppboðið á honum, þar sem ekki hafi verið boðið upp í hana. Sérstaklega mótmæla stefndu sem þeim óviðkomandi kostnaði við innheimtu eftirstöðva I. veðréttarskuldarinnar hjá stefnendum.

Auk þess, sem greint er hér að framan, reisa stefndu fyrstu varakröfu sína á því, að þeir eigi rétt á að skuldajafna fjárhæð veðskuldabréfs þess, sem þeir skyldu gefa út, kr. 88.560.00, kostnaði við viðgerð á þeim leyndu göllum, er komið hafi í ljós, að verið hafi á bátnum, er kaupin fóru fram. Telja þeir þenna kostnað hafa numið kr. 29.690.54. Þá halda stefndu því fram, að vegna viðgerðarinnar á bátnum hafi þeir orðið að leigja annað skip til að annast flutninga, sem þeir hafi tekið að sér milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja. Í leigu eftir það skip hafi þeir greitt kr. 22.200.00. Telja þeir sig einnig eiga rétt á að skuldajafna leigunni við áðurgreinda fjárhæð væntanlegs veðskuldabréfs. Enn halda stefndu því fram og miða þessa varakröfu við það, að ekki hafi verið gjaldkræft af skuldabréfskuldinni, þegar málið var höfðað, nema tvær afborgana- og vaxta-greiðslur.

Þrautavarakröfu sína reisa stefndu á sömu ástæðum og fyrstu varakröfuna, en miða hana við það, að gjaldkræft verði talið áfallnar afborganir og vextir á þeim degi, er málið var dómtekið.

Frekari þrautavarakröfu sína reisa stefndu á sömu ástæðum og fyrstu varakröfuna að öðru leyti en því, að hún er við það miðuð, að krafa þeirra um skuldajöfnuð verði ekki tekin til greina.

Þá er allra ýtrasta þrautavarakrafa stefndu reist á sömu ástæðum og þrautavarakrafan að því fráskildu, að skuldajöfnuður verði ekki heimil- aður.

Loks mótmæla stefndu, að þeir verði dæmdir til að greiða hærri vexti en 4½% á þeim grundvelli, að um þá vaxtahæð hafi verið samið af væntanlegri skuldabréfsskuld.

Stefnendur hafa mótmælt öllum framangreindum kröfum stefndu og varnarástæðum og haldið fast við áðurgreindar kröfur sínar.

Verða nú varnarástæður stefndu teknar til athugunar í þeirri röð, sem þær eru raktar hér að framan, og fyrst athugaðar í einu lagi 1. og 2. sýknuástæða þeirra.

Lögfræðingur sá, sem stefnandi Sigurjón leitaði til í sambandi við sölu bátsins, hefur borið það sem vitni í málinu, að þeir Sigurjón og Kjartan hafi komið saman til hans út af bátskaupunum. Kveðst hann í það skipti hafa lesið fyrir þeim áðurgreind uppköst að afsali fyrir bátnum og veðskuldabréfi, og hafi þeir verið algerlega sammála um efni beggja þessara skjala. Segir lögfræðingurinn, að þarna hafi orðið fullkomin samningsgerð að öllu leyti í samræmi við efni uppkastanna, en það hefur verið rakið allýtarlega hér að framan. Þá hefur lögfræðingurinn enn fremur borið það, að þegar samningar voru komnir á milli þeirra Sigurjóns og Kjartans, en óvæfengt er, að þeir hafi, svo sem áður er sagt, haft heimild samaðilja sinna til þess að gera út um kaupin, þá hafi afsalið og veðskuldabréfið ekki verið tilbúin til undirskriftar, þar eð þau höfðu ekki verið hreinskrifuð. Undirritanir skjala þessara hafi þá borizt í tal, og hafi Kjartan viljað undirrita fyrir stefndu báða. Kveðst lögfræðingurinn af því tilefni hafa sagt á þá leið við Sigurjón, hvort ekki væri skemmtilegra fyrir hann að fá veðskuldabréfið undirritað af stefnda Magnúsi persónulega, og jafnframt bent á, hvort ekki væri hægt að senda Magnúsi skjalið til Vestmannaeyja til undirskriftar. Hafi þeir báðir Sigurjón og Kjartan fallizt á þessa uppástungu. Í málinu kemur fram, að stefndu var kunnugt um það, að I. veðréttarskuldin við Útibú Landsbanka Íslands á Akureyri var í vanskilum, þegar samningaumleitanir um bátskaupin fóru fram og áðurgreindar umræður um þau hjá lögfræðingnum áttu sér stað. Ósannað er gegn eindregnum mótmælum stefnenda, að þeir hafi tekið að sér að fá lán þetta framlengt eða flutt til Landsbankans hér, og ekki verður séð, að stefndi Kjartan hafi gert nokkurn fyrirvara varðandi skuld þessa við umræðurnar hjá lögfræðingnum. Þá greiddu stefndu, eins og áður hefur verið sagt, kr. 9000.00 upp í kaupverð bátsins og tóku jafnframt við honum og notuðu hann um mánaðar skeið. Að öllu þessu athuguðu verður að fallast á það hjá stefndum, að endanlegur samningur hafi komizt á milli þeirra og stefndu um kaup á bátnum þess efnis, sem segir í fyrrgreindum uppköstum að afsali og veðskuldabréfi, og hafi það verið á ábyrgð og áhættu stefndu, að I. veðréttarlánið fengist framlengt eða flutt. Hafa því umræddar sýknuástæður stefndu ekki við rök að styðjast.

Stefnendur hafa mótmælt því, að nokkrir leyndir gallar hafi verið á bátnum, er kaupin gerðust. Jafnframt halda þeir því fram, að þó svo hefði verið, þá bæru þeir ekki ábyrgð á göllunum, þar sem stefndu hafi keypt bátinn í því ástandi, sem hann var í, er kaupin fóru fram. Þá mótmæla stefnendur riftunarkröfu stefndu vegna slíkra galla sem allt of seint fram kominni og vísa þeim mótmælum til stuðnings til 52. gr. laga nr. 39 frá 1922.

Í skýrslu skipaskoðunarmanns, sem skoðaði v/b Njál, eftir að hann

hafði verið tekinn upp í þurrkvi í Keflavík, segir m. a., að kjölsían hafi verið tekin úr til þess að sjá, hvernig frágangur á böndum við kjölinn væri. Hafi þá komið í ljós, að böndin náðu ekki niður á kjöl, og kjölboltar voru svo ryðgaðir milli kjalar og bands, að þeir voru ónýtir. Til þess að geta gert við þetta hafi auk kjölsíunnar þurft að rífa næstu planka fyrir ofan báðum megin, svo að hægt væri að jafna böndin að neðan og fella stykki milli þeirra og kjalar og bolta síðan með nýjum kjölboltum. Einnig hafi komið í ljós, að samskeytin á kjöl og kjölsvíni hafi verið hvort upp að öðru, en til að endurbæta það hafi þurft að setja hliðarkjölsvín yfir samskeyti á aðalkjölsvíninu. Hefur skipaskoðunarmaðurinn staðfest skýrsluna fyrir dómi og borið það, að hann telji gallana við kjölinn munu hafa stafað af elli, sumir boltarnir hafi verið tærðir upp af ryði, en aðrir næstum því. Þá hefur hann og borið, að þessa galla hafi ekki verið hægt að sjá nema að rífa kjölsfuna upp. Telja verður nægilega sannað með vætti skipaskoðunarmannsins, að gallar þeir, sem lýst er hér að framan, hafi verið á bátnum, er kaupin gerðust. Ekki verður séð, að aðiljum hafi verið kunnugt um gallana á þeim tíma, og þeir voru þess eðlis, að ekki var unnt að uppgötva þá við venjulega skoðun. Ber því að telja þá leynda galla, sem stefnendur sem seljendur bátsins eigi að bera ábyrgð á gagnvart stefndu. Gera verður ráð fyrir, að stefndu hafi orðið kunnugt um gallana skömmu eftir 18. febrúar 1949, er báturinn hafði verið tekinn til viðgerðar í Keflavík, en krafa um riftun á kaupunum vegna þeirra er fyrst sett fram af hálfu stefndu í bréfi lögmanns þeirra til lögmanns stefnenda, dags. 9. nóvember 1949. Verður því að fallast á það hjá stefnendum, að riftunarkrafa stefndu sé of seint fram komin, og hefur því umrædd sýknuástæða stefndu þegar af þessum sökum ekki við rök að styðjast.

Samkvæmt samningi þeim, sem komst á milli aðiljanna um kaup á bátnum, tóku stefndu að sér skuld þá, sem á bátnum hvíldi með I. veðrétti til Útibús Landsbankans á Akureyri. Báturinn var seldur á nauðungarupboði til lúkningar þeirri skuld, og mega því stefndu sjálfum sér nauðungarsöluna kenna. Síðast talin sýknuástæða stefndu hefur þá ekki heldur við rök að styðjast.

Kemur þá næst til athugunar fyrsta varakrafa stefndu.

Með kaupsamningnum um oftnefndan bát tóku stefndu að sér gagnvart stefnendum að greiða skuldir þær, sem áður greinir og hvíldu á bátnum með I. og II. veðrétti. Hvorar tveggja skuldir þessar voru við lánsstofnanir, og hlaut stefndu því að vera ljóst, að vextir ættu að greiðast af þeim. Verður því að telja, að stefndu hafi jafnframt höfuðstólum skuldanna tekið að sér að greiða af þeim umsamda vexti. Hins vegar má fallast á það hjá stefndu, að þeim sé óviðkomandi kostnaður við innheimtu I. veðréttarskuldarinnar hjá stefnendum.

Telja verður, að samkomulag aðilja máls þessa um það, að stefndu tækju að sér umræddar skuldir, skipti ekki máli fyrir skuldareigendur, þar sem þeir gátu eftir sem áður haldið sér að hinum upprunalegu skuldurum um greiðslu skuldanna. Ber því samkvæmt framansögðu að taka til greina kröfur stefnenda um að dæma stefndu skylt in solidum að taka

að sér fyrrgreindar skuldir, er hvíldu á v/b Njáli með I. og II. veðrétti, þegar kaupin gerðust, auk vaxta af þeim, en rétt þykir, að frá I. veðréttarskuldinni dragist uppboðsandrviði bátsins, kr. 63.000.00, þar sem sú skuld hlýtur að hafa lokizt við nauðungaruppboðið, að svo miklu leyti sem uppboðsandrviðið hrökk til.

Stefnendur hafa mótmælt báðum skuldajafnaðarkröfum stefndu sem of seint fram komnum. Þá hafa þeir, að því er viðgerðarkostnaðinn varðar, mótmælt því, að nokkrir gallar hafi komið fram á bátnum, er þeir bæru ábyrgð á, en úr því ágreiningsatriði hefur verið skorið hér að framan í sambandi við eina sýknuástæðu stefndu. Enn hafa þeir mótmælt reikningum þeim, sem stefndu hafa lagt fram um kostnað vegna viðgerðarinnar. Loks hafa stefnendur mótmælt, að stefndu hafi tekið skip á leigu vegna viðgerðarinnar á v/b Njáli eða greitt skipsleigu þá, er þeir krefjast, að komi til skuldajafnaðar.

Stefndu komu fyrst fram með kröfu um skuldajöfnuð á skipsleiguinni í þinghaldi 30. janúar s.l. Hafði þá málið áður verið tekið fyrir til munnlegs flutnings um efni þess, án þess að slíkri kröfu væri hreyft. Þykir því verða að fallast á það hjá stefnendum, að krafa þessi sé of seint komin fram. Kemur hún þegar af þessari ástæðu ekki til álita, enda verður heldur ekki séð, að hún hafi við nægileg rök að styðjast.

Hins vegar kemur fram í bréfi frá lögmanni stefndu til lögmanns stefnenda, dags. 31. ágúst 1949, og síðar í greinargerð lögmanns stefndu, að stefndu telja sig eiga rétt á endurgreiðslu á viðgerðarkostnaðinum úr hendi stefnenda, og í greinargerðinni áskilja stefndu sér að skuldajafna honum við kröfu stefnenda. Er því krafa stefndu um skuldajöfnuð viðgerðarkostnaðarins við kröfu stefnenda í málinu nægilega snemma fram komin.

Samkvæmt reikningum, sem stefndu hafa lagt fram um þann kostnað vegna viðgerðarinnar, er þeir krefjast að komi til skuldajafnaðar, sundurliðast kostnaðurinn svo:

1. Viðgerð og afrétting á vél, þar með talin réttning á skrúfuás, nýjar fódoringar á skrúfuás, réttning á skrúfublöðum og fleiri viðgerðir á vél og dælum, að meðtalinni vinnu, vélanotkun og efni	kr.	5.873.78
2. Kostnaður við að setja 2 nýja planka í byrðing, byrðingur boltaður og hamppéttaður, bikaður og málaður, að meðtalinni vinnu og efni	—	2.220.52
3. Helmingur kostnaðar við að rífa 2 neðstu byrðingsplankana beggja megin að framan, fella bönd á kjöl, bolta kjölás, skipta um kjalbolta, setja og bolta 2 hliðarkjalbökk, byrða upp að nýju, hamppétta og bika, að meðtalinni vinnu og efni	—	10.446.90
4. Helmingur slipsleigu í 44 daga, setningargjalds og ljósagjalds	—	1.184.00
5. Helmingur kaups, er greiða þurfti skipverjum á bátnum, meðan á viðgerðinni stóð	—	9.965.34
Samtals		kr. 29.690.54

Ljóst er, að fjárhæðin undir 1. lið er ekki kostnaður við viðgerð á göllum þeim, sem stefnendur eru taldir bera ábyrgð á samkvæmt framansögðu. Verður því krafa stefndu um skuldajöfnuð þessarar fjárhæðar ekki tekin til greina. Þá er ekki sýnt, að viðgerðin undir 2. lið hafi verið nauðsynleg vegna áðurgreindra galla, og kemur þá fjárhæðin undir þeim lið heldur ekki til skuldajafnaðar.

Eftir því sem viðgerðinni undir 3. lið er lýst, verður að telja, að í henni sé innifalin viðgerð á þeim göllum, sem stefnendur eru taldir bera ábyrgð á, og þar sem kostnaðurinn við viðgerðina getur ekki talizt ósanngjarn, verður fjárhæðin undir þessum lið tekin til greina til skuldajafnaðar.

Víst er, að taka hefði þurft bátinn upp í slipp til að framkvæma á honum eingöngu viðgerð á áðurgreindum göllum. Verður kostnaður sá, sem stefndu gera kröfu til undir 4. lið í sambandi við slíkar ráðstafanir, ekki talinn ósanngjarn, og verður hann því einnig tekinn til greina til skuldajafnaðar.

Fjárhæðin undir 5. lið er helmingur kaups og fæðis skipstjóra og stýrimanns á v/b Njáli í 53 daga, kaups og fæðis I. og II. vélstjóra á bátnum í 30 daga og kaups og fæðis tveggja háseta í 7 daga. Helming kaups og fæðis þessara manna hefur váttryggjandi bátsins, Sjóváttryggingarfélag Íslands, greitt. Þykir rétt að heimila stefndu að skuldajafna fjárhæðinni undir þessum lið, þar sem hinir leyndu gallar komu fram, meðan báturinn var í starfi, og telja má mjög sennilegt, að stefndu hafi þurft að greiða ekki lægri fjárhæð í kaup til fastráðinna skipverja, meðan á viðgerð gallanna stóð.

Samkvæmt framansögðu verða þá teknar til greina til skuldajafnaðar kr. 10.446.90, kr. 1.184.00 og kr. 9.965.34 = kr. 21.596.24.

Loks hafa stefnendur mótmælt kröfu stefndu um sýknu að svo stöddu á þeim grundvelli, að fjárhæð sú, sem stefndu skyldu gefa út skuldabréf fyrir við kaupin, hafi öll verið fallin í gjalddaga, þegar málið var höfðað vegna vanskila stefndu.

Stefndu greiddu hvorki afborganir né vexti af umræddri skuld, svo sem um hafði verið samið. Þá var v/b Njáll, sem þeir áttu að setja að veði fyrir skuldinni, seldur á nauðungarupphæði, svo að stefnendur fengu enga tryggingu fyrir henni. Fallast verður á það hjá stefnendum, að skuldin hafi öll verið fallin í gjalddaga vegna greindra vanefnda stefndu, er til málsóknar kom. Hefur því krafa þeirra um sýknu að svo stöddu ekki við rök að styðjast. Ber að dæma stefndu in solidum til að greiða fjárhæð skuldarinnar, kr. 88.560.00, að frádregnum kr. 21.596.24 = kr. 66.963.76, en með aðeins 4½% ársvöxtum, þar eð um þá vaxtahæð var samið.

Eftir þessum úrslitum þykir hæfilegt, að stefndu greiði in solidum stefnendum kr. 6.500.00 í málskostnað.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Jónasi Jónassyni og Jóni Kristóferssyni skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndu, Kjartani Jónssyni og Magnúsi Thorberg, er in solidum skylt að taka að sér gagnvart stefnendum, Guðmundi Þórðarsyni og Sigurjóni Þórðarsyni, skuld við Útibú Landsbanka Íslands á Akureyri, upphaflega að fjárhæð kr. 60.000.00, er hvíldi á v/b Njáli R.E. 99 með I. veðrétti ásamt umsömdum vöxtum, allt að frádregnum kr. 63.000.00.

Þá er stefndu in solidum skylt að taka að sér gagnvart stefnendum skuld við Fiskveiðasjóð Íslands, að fjárhæð kr. 42.440.00, ásamt umsömdum vöxtum, er hvíldi á bátnum með II. veðrétti.

Loks greiði stefndu in solidum stefnendum kr. 66.963.76 með 4½% ársvöxtum frá 1. febrúar 1949 til greiðsludags og kr. 6.500.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. desember 1952.

Nr. 117/1952. **Guðmar Ingiber Guðmundsson**

(Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Annelise Guðmundsson (Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Lögtaksmál til heimtu meðlags.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júlí þ. á. og fengið gjafsóknarleyfi, dags. 9. þ. m. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og að synjað verði um framkvæmd lögtaks. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Loks krefst málflutningsmaður áfrýjanda þess, að honum verði dæmd málflutningslaun úr ríkissjóði, hvernig sem málið fer.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og